

jafnvel án manna, fyrirlitinn af vinum sínum. En alt í einu ber skugga á hina dýrðlegu framtíð. Hinar eldri misgjörðir hans risu upp fyrir augum hans. Ímynd egingirninnar blindu ber á milli hans og hennar með ógnum sínum og hótunum um, að hann skuli aldrei verða sæll. Nú var um það eitt að gjöra, að vera eða vera ekki maður. Án þess að lifa niður sína fyrri æfi, játa alt, lifa í sannleika, gat hann ekki búið með kongsdótturinni sinni. En var það ekki of ervitt? „Það stendur einhverstaðar skrifastað um það að iðrast“, segir hann, „en hér uppi á reginfjöllum get eg ekki gjört játningu, og svo hefi eg ekki þá bók. Að iðrast, og eitt ár líður, og eg vinn mig ekki í gegn, og tvö ár, og enn er ekki þrautin unnin; nei, það má vel ske, að slíkt sé hægt með dauða hluti, að þola þá bið og raun, en ei fyrir lifanda líf.“ „Fariðu í kringum, faríðu í kringum sannleikann,“ gall við vættur í fjöllunum. Já, fara í kringum, það hefi eg gjört fyr, og það má eg gjöra enn“, sagði hann, og hann yfir gaf hugsjónina, yfirlagf konungsdótturina, yfirlagf Sólveigu, en uppfrá þeirri stundu gekk hann veginn, sem vísar til þess, að vera ekki, sem liggur í kringum sannleikann.

Það, að vera eða vera ekki, er aðalsþurningin, og það virðist oft léttbærara líf, að vera ekki það, sem ímyndin krefur, en þar fer margur vilt. Það er ervitt að vinna sig í gegnum torfærur og léttara að fara í kringum, en það tekur við hvað af öðru, og þú verður altaf að halda áfram að fara í kringum, og kemst svo aldrei á þá sönnu braut.

Yður kannske finnst ekki til um heilagleik eða opinberun þessarar dæmisögu norska skáldsins, kæru lesendur, en leyfð mér að segja yður samt, að hún er guðspjall eins satt og háleitt og guðspjall meistarans frá Nazareth. Hún er ekki dæmisagan er skýrir spurninguna: Hvað er guðsríki, og við hvað skal eg líkja því?— heldur: Hvað er helvítí, og við hvað skal eg líkja því? Það er að fara í kringum, fara framhjá sannleika lífsins, þeim sannleika, að læra að leggja það óæðra í sölur fyrir það æðra, geta selt sínar óæðri tilfinningar fyrir þær æðri, geta gert hreina játningu til þess að komast að því, að byrja að lifa sannleikanum. Það er margur, sem ekki hefir viljað vinna það til,